


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSA103	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun Haustönn 2013	

Kennari	Svanhildur Daniëlsdóttir	Sk.st.	SVA
----------------	--------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, framburð, lestrarfærni og skilning. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Markmiðið er að nemendur hljóti þjálfun í að koma hugmyndum sínum á framfæri í töluðu og rituðu máli, auki tjáningarfærni, orðaforða og lestrarfærni og hljóti fyrst og fremst málfræðikennslu í tengslum við málnotkun. Nemendur fá einnig fræðslu og innsýn í íslenska menningu.

Markmið:

- Að nemendur fá nokkra undirstöðu í íslenskrri beygingarfræði og setningafræði.
- Að nemendur auki orðaforða sinn og skilning á mæltu og rituðu íslensku máli.
- Að nemendur geti skilið og tjáð sig munnlega og í rituðu máli.
- Að nemendur geti tjáð sig munnlega um það sem viðkemur náminu.
- Að nemendur auki almenna færni sína í daglegu íslensku máli.
- Að nemendur kynnist almennum hjálpargögnum við íslenskunám.

Námsgögn:


Kaupa þarf bókina *Orð fyrir orð* e. Evu Örnólfsdóttur, útg. Eva Örnólfsdóttir 2010 og **þunna plasmöppu** fyrir götuð blöð undir ýmis verkefni sem safnast saman. Annað námsefni vísar kennari á s.s. af veraldarvefnum, ýmsar vefslóðir sem og orðabækur, ljósrit, dagblöð, tímarit og fl.

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus símatsáfangi, sjá í töflu hér að neðan.

Áætlun um yfirferð, verkefni og námsmat:

Vika	Námsefni	Verkefni og námsmat (%)
1. lota 22.ág -6. sept.	Kynning á áfanganum, námsefni verkefnum og námsmat. Nemendur undirbúa kynningu á sjálfum sér. Rætt um íslenska stafrófið, hljóðkerfið og framburð bls. 3 – 8 í <u>Orð fyrir orð (OFO)</u> . Samræður og framburðaræfingar af ýmsu tagi.	Nemendur flytja kynningu á sjálfum sér.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSA103	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun Haustönn 2013	

2. lota 9. ág. - 20. sept.	Nafnorð, kyn, greinir, föll, forsetningar, bls. 10 – 42 í OFO, og ýmis verkefni tengd hugtökunum sem verið er að vinna með. Samræður og framburðaræfingar af ýmsu tagi.	Málfræði- og hugtakaverkefni (10%) Samræðuverkefni (5%)
3. lota 23. sept. - 11. okt.	Tölur, tími, árstíðir, veður, persónur, fjölskyldan bls. 43-69 í OFO. Litir og form bls. 70-75 í OFO. Samræðuverkefni og framburðaræfingar áfram.	Þemaverkefni um árstíðirnar, fjölskylduna og ferðalög (10%) Málfræði- og hugtakaverkefni (10%) Samræðuverkefni (5%)
4. lota 14. okt. - 1. nóv.	Fatnaður bls. 76-82 í OFO. Farið í heimsókn á Minjasafnið til að skoða íslenska þjóðbúninga og fl. menningartengt. Samræðuverkefni og framburðarverkefni áfram.	Þemaverkefni um þjóðbúninga (10%) Samræðuverkefni (5%) Lesskilnings- og ritunar verkefni(10%)
5. lota. 4. nóv.- 22. nóv.	Eintala, fleirtala og sagnorð bls. 83-101 í OFO. Vettvangsheimsóknir. Ritun. Lesnar smásögur. Samræðuverkefni og framburðarverkefni áfram.	Málfræði- og hugtakaverkefni (10%) Lesskilnings- og ritunarverkefni (10%) Samræðuverkefni (5%)
6. lota. 25. nóv. - 3. des.	Lesið úr dagblöðum, bæklingum, tímaritum, af netinu / samræður um málefni líðandi stundar...	Hugtakaverkefni (5%) Samræðuverkefni (5%)

Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils